

Matvælastofnun
Þór Gunnarsson
Austurvegur 64
800 SELFOSS

Garðabær, 08. febrúar 2012
2012010049/42-0
TB
jgo/tb

Tilraunaleyfi til kræklingaræktar, Share Holding ehf., Miðfjöður, umsögn

Vísað er til bréfs frá Matvælastofnun, dags. 27. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Share Holding ehf. um umsókn um tilraunaleyfi til ræktunar á Krækling í Miðfirði.


Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið. Mjög takmarkaðar upplýsingar eru meðfylgjandi erindinu um náttúrufar/lífriki þess svæðis sem sótt er um í Miðfirði. Ef lítið er til þess magns sem sótt er um að gera tilraun með og að gert er ráð fyrir að safna lírfum á svæðinu sér Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að ætla að það hafi áhrif á lífríki Miðfjarðar og gerir því ekki athugasemd við að tilraunaleyfi sé veitt með ákveðnum forsendum. Setja þarf skilyrði um að samfara því að safnað er upplýsingum um ræktunarárangur þá sé kannað lífríki þess svæðis sem um ræðir og kannað hvaða áhrif ræktun á svæðinu getur haft á náttúru svæðisins og það metið. Bent er á að svo virðist sem tilraunir séu hafnar án leyfa ?

Náttúrufræðistofnun vill minna á að í bréfi til Matvælastofnunar frá 16. janúar sl. vegna Bláskeljar ehf. segir: *Náttúrufræðistofnun telur að fara þurfi yfir málaflokkinn í heild sinni m.t.t. 5. og 6. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrarækt og að við þá skoðun gæti þurft að endurskoða einhver starfsleyfi t.d. með tilliti til afmörkunar ræktunarsvæða.* Náttúrufræðistofnun telur þetta enn eiga við þennan málaflokk.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

